

Samkeppni um útilistaverk í Fljótsdal

Listamaður:

Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir

Veggmynd

Lýsing listamannsins á verkí sínu:

Víð gerð listaverksins var leitað fanga í forna skreyti-list norrænna þjóða en hér leita hin fornu mynstur inn á nýjar brautir. Sex kvaðrantar rísa og falla eins og öldur í straumkasti.

Hver kvaðrantur vísar til síbreytilegrar lögunar bylgjunnar og reglufestu ferningsins. Hann er því ták um lögmál visindanna sem setja hamslausri náttúrunni skorður og gerir mannum kleift að beina orku hennar í nýtanlega farvegi.

Efnið í verkinu er ál, en það er húðað með innbrenndum lit – blámi vatns og himins í nokkrum tilbrigðum. Mjúk og fingerð blæbrigði eru í lit hvers kvaðrants, sem örvar og undirstrikar þá sjónrænu hreyfingu sem þeir skapa saman.

